

## ÚRSKURÐUR NR. 6/2011.

**Kærður er úrskurður Tollstjóra en í honum er hafnað viðtöku EUR 1 skírteinis sem lagt var fram eftir tollmeðferð sendingar. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi og skírteinið tekið gilt. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda.**

Með bréfi sem barst ríkistollanefnd þann 29. ágúst 2011 kærir A. f.h. B., úrskurð Tollstjóra nr. 12/2001, dags. 5. júlí 2011. Í nefndum úrskurði hafnar Tollstjóri viðurkenningu á EUR 1 skírteini sem lagt var fram eftir tollmeðferð. Kærandi gerir kröfu um að skírteinið verði tekið gilt.

### I

Um málsatvik segir í hinum kærða úrskurði Tollstjóra að varan hafi borist til landsins þann 16. maí 2011 með sendingu með sendingarnúmeri E SEL 16 05 1 NL RTM V853 frá Hollandi. Um hafi verið að ræða ýmiss konar barnafatnað og fylgihluti. Síðan segir orðrétt:

„Við SMT-tollafgreiðslu þann 18. maí sama ár lá ekki fyrir EUR 1 fylgiskírteini. Þar sem ekki lágu fyrir nauðsynleg gögn um uppruna vörunnar og þar sem ekkert í meðfylgjandi reikningum og öðrum gögnum benti til þess að um upprunavöru væri að ræða voru lögð á hana aðflutningsgjöld að fullu. Þann 27. maí 2011 barst tollayfirvöldum EUR 1 skírteini fyrir vörunni, útgefið 10. maí sama ár. Tollstjóri hafnaði beiðni innflytjanda um leiðréttingu 31. maí 2011 þar sem varan hafði þegar verið tollafgreidd og afhent og þar með væri ómögulegt að framkvæma vöruskoðun líkt og nauðsynlegt er í slíkum tilfellum.“

Þá segir að kærandi beri því við að mistök af hálfu starfsmanns flutningsmiðlara hafi valdið því að EUR 1 flutningsskírteini var ekki lagt fram við tollafgreiðslu sendingarinnar. Upprunasönnunin hafi fylgt með sendingunni að utan en hún hefði hins vegar farið fram hjá starfsmanni flutningsmiðlarans. Strax og upp komst um mistökin hafi upprunasönnun verið útveguð og hún lögð inn hjá Tollstjóra. Síðan segir svo í hinum kærða úrskurði:

„Í 28. gr. tollalaga nr. 88/2005 eru talin upp þau skjöl sem liggja skulu til grundvallar aðflutningsskýrslu. Í fjórða tölulið greinarinnar er sérstaklega áréttað að upprunasannanir skuli fylgja með í þeim tilvikum þegar sett er fram krafa um fríðindameðferð innfluttrar vöru. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. tollalaga ber innflytjandi ábyrgð á því að aðflutningsskýrsla og þær upplýsingar sem koma þar fram séu réttar. Meginreglan er því sú að innflytjandi beri hallann af rangri skýrslugjöf og að nauðsynlegar upplýsingar um uppruna vöru komi fram.

Telji innflytjandi sig vanta einhver þau gögn sem 28. gr. tollalaga tekur til eða að gögn þau sem viðkomandi hafi undir höndum séu ekki fullnægjandi getur

hann samkvæmt 36. gr. tollalaga farið fram á að Tollstjóri heimili bráðabirgðatollafgreiðslu vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fram fjártryggingu.“

Þá segir að þegar aðflutningsskýrsla vegna ofangreindrar sendingar hafi borist til Tollstjóra hafi ekkert komið fram sem bent gat til þess að um upprunavöru væri að ræða og engin upprunasönnun hafi fylgt með aðflutningsskýrslunni. Hvorki meðfylgjandi reikningar eða önnur gögn hafi bent til þess að um upprunavöru væri að ræða né gáfu tilefni til þess að það væri kannað sérstaklega. Síðan segir svo orðrétt í úrskurði Tollstjóra:

„Þegar möguleikar á leiðréttingu eftir tollmeðferð, samkvæmt 116. gr. tollalaga, eru metnir verður að taka mið af því hvort þörf sé vöruskoðunar til að staðreyna réttmæti leiðréttingar og hvort unnt sé að koma henni við. Vöruskoðun getur verið nauðsynleg til þess að staðreyna að um upprunavöru sé að ræða en svo var ástatt í máli þessu. Sendingin sem mál þetta varðar var tollafgreidd 18. maí 2011 en EUR 1 upprunaskýrteini ásamt beiðni um endurskoðun aðflutningsgjalda barst embætti Tollstjóra ekki fyrr en 27. maí sama ár. Tollstjóra var þannig ekki unnt að staðreyna með vöruskoðun hvort að leiðrétting aðflutningsgjalda ætti rétt á sér, enda var búið að tollafgreiða sendinguna og kærandi hafði þegar fengið hana afhenta.

Af framansögðu er ljóst að ekki er hægt að taka beiðni kæranda um endurskoðun aðflutningsgjalda til greina hvað varðar þá sendingu sem mál þetta snýst um.“

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið úrskurðaði Tollstjóri að ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda á vöru sem barst til landsins í sendingu með sendingarnúmer E SEL 16 05 1 NL RTM V853, dags. 18. maí 2011, skyldi standa óröskuð.

## II

Í kæru sinni lýsir kærandi atvikum með eftirfarandi hætti:

„Atvik þessa máls eru þau að kærandi er innflytjandi á barnafatnaði framleiddum af Lisacol Confeccoes Lda í Portúgal, sbr. meðfylgjandi EUR 1 skírteini. Þann 16. maí 2011 barst til Íslands sending af Sunbird barnafatnaði með sendingarnúmerið E SEL 16 05 1 NL RTM V853 sem TVG-Zimsen á Íslandi (hér eftir nefnt „TVG“) hafði tekið að sér að flytja til landsins fyrir kæranda. Var varan fyrst flutt frá Portúgal til Hollands og síðan þaðan til Íslands. TVG sá einnig um öll samskipti við íslensk tollyfirvöld og tollskýrslugerð fyrir hönd kæranda.

Til sönnunar þess að uppruni umræddrar vöru væri innan Evrópu-sambandsins hafði svokallað EUR 1 flutningsskírteini verið gefið út með vörunni og stimplað þann 10. maí 2011, þ.e. áður en varan barst til Íslands, sbr. meðfylgjandi EUR 1 skírteini. Þann 18. maí 2011 fékk kærandi hins vegar tilkynningu um það símleiðis frá TVG að ekkert EUR 1 flutningsskírteini hefði

verið gefið út fyrir umrædda vöru. Til marks um þetta má benda á meðfylgjandi tölvupóst, dags. 18. maí 2011, þar sem starfsmaður TVG tekur fram að ef hægt verði að fá skírteini útgefið eftir á þá verði hugsanlega hægt að fá tollinn endurgreiddan. Í ljósi þessara upplýsinga frá TVG og einnig í ljósi þess að kærandi hafði vitneskju um að erfitt gæti reynst að fá EUR 1 skírteini gefið út og stimplað eftir að varan væri farin úr landi, taldi kærandi ekki annað tækt en að tollafgreiða vöruna án fríðindameðferðar. Kærandi spurðist hins vegar fyrir um það símléiðis við TVG hvort ekki væri hægt að setja einhvers konar fyrirvara við tollafgreiðsluna í ljósi þess að til stæði að reyna að útvega EUR 1 skírteini eftir á og upplýsti starfsmaður TVG að svo væri. Eins og sjá má á fyrirliggjandi gögnum málsins gerði TVG hins vegar enga slíka fyrirvara við tollafgreiðsluna. Varan var síðan tollafgreidd af embætti Tollstjóra með SMT-tollafgreiðslu þann 18. maí 2011 án fríðindameðferðar og voru því lögð á hana aðflutningsgjöld að fullu.

Sama dag og varan var tollafgreidd, en áður en kærandi hafði fengið vöruna afhenta, fannst hins vegar EUR 1 flutningsskírteinið í Hollandi, sbr. meðfylgjandi tölvupóstsamskipti milli TVG og TVG-Zimsen í Hollandi. Fékk kærandi í kjölfarið tilkynningu um það frá TVG að skírteinið hefði glatast við flutning á vörunni en væri nú komið í leitirnar. Um leið og frumrit skírteinisins barst TVG var gerð beiðni um tollafgreiðslu 2, þ.e. beiðni um leiðréttingu á fyrri tollafgreiðslu, og EUR 1 skírteininu framvísað. Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra barst embættinu framangreind beiðni þann 27. maí 2011 eða 9 dögum eftir að fyrri tollafgreiðslan hafði farið fram og varan afhent kæranda. Tollstjóri hafnaði beiðni TVG um leiðréttingu þann 31. maí 2011 með þeim rökum að varan hefði þegar verið tollafgreidd og afhent og þar með væri ómögulegt að framkvæma vöruskoðun líkt og nauðsynlegt væri í slíkum tilfellum, sbr. meðfylgjandi tölvupóst, dags. 3. júní 2011.“

Þá segir í kærinni að með bréfi dags. 7. júní 2011, hafi kærandi farið fram á að Tollstjóri endurskoðaði álagningu aðflutningsgjalda vegna umræddrar sendingar með tilliti til EUR 1 upprunasönnunar sem lögð var fram eftir tollmeðferð sendingarinnar. Um hafi verið að ræða kæru í skilningi 117. gr. tollalaga nr. 88/2005. Tollstjóri hafi komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum frá 5. júlí 2011, að ekki væri hægt að taka beiðni kæranda um endurskoðun aðflutningsgjalda til greina, m.a. með svofelldum rökstuðningi:

„Þegar möguleikar á leiðréttingu eftir tollmeðferð, samkvæmt 116. gr. tollalaga, eru metnir verður að taka mið af því hvort þörf sé vöruskoðunar til að staðreyna réttmæti leiðréttingar og hvort að unnt sé að koma henni við. Vöruskoðun getur verið nauðsynleg til þess að staðreyna að um upprunavöru sé að ræða en svo var ástatt í máli þessu. Sendingin sem mál þetta varðar var tollafgreidd 18. maí 2011 en EUR 1 upprunaskírteini ásamt beiðni um endurskoðun aðflutningsgjalda barst embætti Tollstjóra ekki fyrr en 27. maí sama ár. Tollstjóra var þannig ekki unnt að staðreyna með vöruskoðun hvort að leiðrétting aðflutningsgjalda ætti rétt á sér, enda var búið að tollafgreiða sendinguna og kærandi hafði þegar fengið hana afhenta.“

Kærandi er ekki sáttur með þessa niðurstöðu og rökstuðning Tollstjóra og óskar eftir því að ríkistollanefnd hnekki þessari ákvörðun og heimili leiðréttingu aðflutningsgjalda. Til stuðnings kröfu sinni segir kærandi svo:

„Í máli þessu er ekki deilt um það að EUR 1 skírteini fylgdi ekki aðflutningsskýrslu í málinu þegar varan var tollafgreidd þann 18. maí 2011 og að ekki var þá óskað eftir fríðindameðferð við tollafgreiðslu vegna uppruna innan Evrópusambandsins. Hins vegar hafa nú verið settar fram eðlilegar og trúverðugar skýringar á því hvers vegna svo var ekki og hafa kærandi og TVG ítrekað óskað eftir því við Tollstjóra að álagning aðflutningsgjalda verði leiðrétt í ljósi breyttra forsendna og aðstæðna, en án árangurs.

Í 1.mgr. 116. gr. tollalaga nr. 88/2005 er að finna heimild fyrir Tollstjóra til að leiðrétta álögð aðflutningsgjöld komi í ljós að upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru hafi verið rangar eða ófullnægjandi. Í 3. mgr. 116. gr. sömu laga kemur fram að innflytjandi beri sönnunarbyrði fyrir því að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geti leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda. Kærandi telur ljóst að ákvæði þetta eigi við í þessu máli og að kærandi hafi axlað sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi legið að baki tollafgreiðslu. Því beri að fallast á kröfu kæranda um leiðréttingu á aðflutningsgjöldum.

Aðstæðurnar í þessu máli eru þær að EUR 1 upprunaskírteini var gefið út um þá vöru sem hér um ræðir og stimplað áður en hún fór frá Portúgal og 8 dögum áður en varan var tollafgreidd hér á landi. Vegna mistaka af hálfu flutningsmiðlara kæranda glataðist skírteinið um stundarsakir og var varan því tollafgreidd án fríðindameðferðar. Kærandi telur hins vegar að hann eigi rétt á þeirri fríðindameðferð sem kveðið er á um í tollalögum og upprunareglum Evrópusambandsins, þrátt fyrir að EUR 1 upprunaskírteinið ásamt beiðni um endurskoðun aðflutningsgjalda hafi borist embætti Tollstjóra nokkrum dögum eftir að tollafgreiðsla fór fram. Vert er að geta þess að Tollstjóri hefur ekki vefengt gildi EUR 1 skírteinisins sem upprunasönnunar, enda kemur skírt fram á skírteininu að umrædd vara sé upprunnin innan Evrópusambandsins og er skírteinið undirritað og stimplað af þar til bærum aðilum.“

Þá segir að synjun Tollstjóra um leiðréttingu aðflutningsgjalda byggji á því að þar sem EUR 1 skírteinið og beiðni um endurskoðun aðflutningsgjalda hafi borist 8 dögum eftir tollafgreiðslu hafi ekki verið unnt að staðreyna með vöruskoðun hvort leiðrétting aðflutningsgjalda ætti rétt á sér, enda hafi verið búið að tollafgreiða sendinguna og kærandi hafi fengið afhenta. Síðan segir svo í kærinni:

„Ákvæði 116. gr. tollalaga ber yfirskriftina: „Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu.“ Í athugasemdum við frumvarp það er varð að tollalögum nr. 88/2005, segir í umfjöllun um 116. gr.: „Beiðni um leiðréttingar

*samkvæmt þessari grein lúta að aðflutningsskjölum vegna innfluttra vara sem hafa verið tollafgreiddar, þ.e. afhentar til notkunar innan lands.“*

Samkvæmt þessu sé ljóst að ákvæði þetta tekur til þeirra tilvika þegar tollskoðun hefur þegar farið fram og varan afhent innflytjanda. Því stenst ekki sá rökstuðningur Tollstjóra fyrir synjun um leiðréttingu og varan hafi verið tollafgreidd og afhent kæranda fyrir beiðni um leiðréttingu og því hafi vöruskoðun ekki getað farið fram eftir að beiðni um leiðréttingu hafði verið lögð fram. Ákvæðinu sé einmitt ætlað að taka til tilvika þar sem aðstæður eru þannig.

Sú vara sem hér um ræðir sé í dag til staðar á vörulager kæranda og því sé ekkert til fyrirstöðu að leggja vöruna fram til skoðunar. Hluti sendingarinnar sé einnig til sölu í nokkrum verslunum í Reykjavík. Þá sé prentað á vöruna upprunaland hennar eftir stöðlum Evrópusambandsins um merkingu fatnaðar og verði að teljast nær útilokað fyrir kæranda að breyta þeim merkingum eftir innflutning til landsins. Að lokum sé einnig vert að geta þess að þegar kærandi fékk vöruna afhenta voru merkimiðar Tollstjóra á nokkrum kössum þar sem fram kom að umræddir kassar hefðu verið opnaðir og varan skoðuð af Tollstjóra, sbr. meðfylgjandi ljósmynd sem kærandi tók af einum kassanum.

Til stuðnings framangreindum röksemdum kæranda má benda á úrskurð Ríkistollanefndar nr. 9/2002, þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að kærandi ætti rétt á fríðindameðferð vegna innflutnings innan Evrópusambandsins þrátt fyrir að EUR 1 skírteini hafi ekki borist Tollstjóra fyrr en nokkrum mánuðum eftir tollafgreiðslu. Var sú niðurstaða m.a. á því byggð að EUR 1 skírteini hafi verið í vörslu flutningsmiðlara og því legið fyrir þegar innflutningurinn átti sér stað. Telur kærandi í því máli sem hér um ræði að um sambærileg atvik sé að ræða og því beri að fallast á kröfur hans.

Af öllu framangreindu telur kærandi ljóst að engin rök séu fyrir því að synja kæranda um leiðréttingu aðflutningsgjalda og beri því að fella ákvörðun Tollstjóra niður og leggja fyrir Tollstjóra að leiðrétta aðflutningsgjöld vegna innflutnings kæranda á umræddri vöru.“

### III

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 29. ágúst 2011. Í svari sem barst nefndinni þann 19. september 2011 er um málavexti vísað til hins kærða úrskurðar en síðan segir svo orðrétt:

„Í kæru til Ríkistollanefndar áréttar kærandi að í málinu sé ekki deilt um að EUR 1 fylgdi ekki aðflutningsskýrslu þegar varan var tollafgreidd þann 18. maí 2011 og að ekki var þá óskað eftir fríðindameðferð við tollagreiðslu vegna uppruna innan Evrópusambandsins. Þegar réttur fríðindameðferðar fyrir

innfluttar vörur er fyrir hendi ber innflytjanda að setja fram kröfu um fríðindameðferð á grundvelli viðeigandi fríverslunarsamningsins í reit 33 á aðflutningsskýrslu. Komi ekki fram beiðni um fríðindameðferð er almennur tollur (A-tollur) lagður á vöruna. Þá er A-tollur lagður á innflutta vöru ef fullnægjandi upprunavottorð liggja ekki fyrir við tollafgreiðslu hennar.

Í frumvarpi til tollalaga nr. 88/2005 segir í athugasemdum við 116. gr. að beiðni um leiðréttingar samkvæmt þessari grein lúti að aðflutningsskjölum vegna innfluttra vara sem hafa verið tollafgreiddar, þ.e. afhentar til notkunar innanlands. Eðli máls samkvæmt sé ómögulegt að ganga úr skugga um réttmæti nýrra upplýsinga með óyggjandi hætti þegar vara hefur verið afhent undan tolleftirliti. Af því leiði að gera verði strangar kröfur til sönnunar innflytjanda þegar beiðni um leiðréttingu er lögð fram með stoð í þessu ákvæði. Með vísan í ofangreint er það mat embættis Tollstjóra að ekki sé hægt að staðreyna uppruna varanna í tilgreindri sendingu með óyggjandi hætti, þrátt fyrir EUR 1 skírteini liggi nú fyrir, þar sem búið er að afhenda vöruna.

Kærandi bendir á í kæru til Ríkistollanefndar að við afhendingu vörunnar hafi merkimiðar Tollstjóra verið á nokkrum kössum þar sem fram kom að umræddir kassar hefðu verið opnaðir og varan skoðuð af Tollstjóra. Embætti Tollstjóra hefur víðtæka heimild til að opna sendingar til að annast almennt eftirlit með vörum sem fluttar eru til landsins, sbr. 156. gr. tollalaga. Tollverðir opnuðu hluta sendingarinnar við almennt eftirlit en ekki einatt með það fyrir augum að sannreyna uppruna varanna, enda er skoðun vara til að ganga úr skugga um réttmæti EUR tollmeðferðar háð því að innflytjandi óski eftir slíkri tollmeðferð. Svo var ekki í þessu tilviki. Tollstjóri hefur því aldrei séð hluta sendingarinnar og vöruskoðun með tilliti til uppruna hefur því ekki farið fram.

Í kæru til ríkistollanefndar vísar kærandi til úrskurðar nefndarinnar nr. 9/2002. Í tilgreindum úrskurði var það TVG Zimsen sem annaðist tollskýrslugerð og var sendingin afgreidd með rafrænum hætti þar sem EUR skírteini var sérstaklega tilgreint. Grundvöllur niðurstöðu nefndarinnar var að misskilningur milli innflytjanda og flutningsmiðlara hefi orðið þess valdandi að skírteininu var ekki framvísað til Tollstjóra er kallað var eftir því. Í máli því sem hér um ræðir var EUR skírteini hins vegar aldrei tilgreint í aðflutningsskýrslu. Kærandi ber því við að vegna mistaka flutningsmiðlara hafi skírteinið glatast um stundarsakir og varan því tollafgreidd án fríðindameðferðar. Eins og sjá má eru málavextir ekki þeir sömu og er það því mat embættis Tollstjóra að af þeim sökum sé ekki hægt að byggja á tilgreindum úrskurði Ríkistollanefndar.

Möguleikar á leiðréttingu eftir tollmeðferð skulu fara eftir því hvort þörf sé vöruskoðunar til að staðreyna réttmæti leiðréttingar og hvort unnt sé að koma henni við. Sé nauðsynlegt að framkvæma vöruskoðun, en ekki unnt að koma henni við, ber að hafna beiðni um leiðréttingu, sbr. 116. gr. tollalaga

og dreifibréf Ríkistollstjóra til tollstjóra dags. þann 28. maí 1990. Í þessu máli var þörf vöruskoðunar ótvíræð til að hægt væri að fá fullnægjandi vitneskju um hvort að tollviltun eigi við á grundvelli uppruna vöru innan Evrópusambandsins. Óumdeilt er að sendingin hefur verið afhent kæranda til umráða. Kærandi nefnir að umræddar vörur séu staðsettar á vörulager kæranda og að ekkert sé því til fyrirstöðu að leggja vörurnar fram til skoðunar. Embætti Tollstjóra telur slíka vöruskoðun ekki fullnægjandi með tilliti til sönnunar enda örðugt að staðreyna um afdrif varanna frá því þær voru afhentar eðli málsins samkvæmt.

Innflytjandi ber ábyrgð á að upplýsingar sem veittar eru í aðflutningsskýrslu sem send er Tollstjóra vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 32. gr. tollalaga. Tollstjóri vísar einnig til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 5/1989, en þar kemur fram að það er í höndum innflytjanda að taka ákvörðun um það hvort hann nýti sér þær heimildir sem lög og reglur kveða á um og varða tollfríðindi vara. Ennfremur er áréttuð ábyrgð innflytjanda við gerð aðflutningsskýrslna“

Að öðru leyti vísar Tollstjóri til hins kærða úrskurðar nr. 12/2011 og krefst þess með hliðsjón af framansögðu að hann verði staðfestur.

#### IV

Greinargerð Tollstjóra var send kæranda þann 19. september 2011. Í svari sem barst nefndinni þann 11. október s.á. segir m.a. að í greinargerð sinni vísi Tollstjóri til dreifibréfs, dags. 28. maí 1990, þar sem fram komi að möguleikar á leiðréttingu eftir tollmeðferð, í málum eins og því sem hér um ræðir, ættu að fara eftir því hvort þörf sé vöruskoðunar til að sannreyna réttmæti leiðréttingar og hvort unnt sé að koma henni við. Í nefndu dreifibréfinu segir m.a. svo:

„Óski innflytjandi leiðréttingar um leið og hann uppgötvar mistökin, ætti að heimila hana ef atvik benda til þess að hún sé réttmæt. Sé nauðsynlegt að framkvæma vöruskoðun, en ekki unnt að koma henni við, ætti að hafna beiðni um leiðréttingu.“

Síðan segir svo orðrétt í andsvörum kæranda:

„Í því máli sem hér um ræðir óskaði TVG Zimsen, fyrir hönd kæranda, eftir leiðréttingu á tollafgreiðslu um leið og EUR 1 skírteinið fannst og um leið og frumrit skírteinisins hafði borist til landsins, eða einungis níu dögum eftir að varan hafði verið tollafgreidd og afhent kæranda. Vert er að geta þess að lög gera ráð fyrir því að frumrit EUR 1 skírteinis verði að fylgja tollafgreiðslubeiðni og verður samkvæmt því að telja að ekki hafi verið unnt að óska formlega eftir leiðréttingu á tollagreiðslu fyrr en frumritið var komið í hendur

TVG Zimsen, þrátt fyrir að skírteinið hafi komið í leitirnar sama dag og varan var tollafgreidd.

Þá telur kærandi að Tollstjóri hafi ekki fært fram fullnægjandi rök fyrir því að vöruskoðun hafi verið nauðsynleg í þessu tilviki. Virðist það einmitt vera tilfellið að vörur séu oft tollafgreiddar rafrænt með fríðindameðferð án þess að sérstök vöruskoðun fari fram. Kærandi hafnar því einnig alfarið að ekki hafi verið unnt að koma við vöruskoðun í þessu tilviki eða að slík vöruskoðun hefði ekki verið fullnægjandi. Þegar beiðni um leiðréttingu var lögð fram var megin hluti sendingar kæranda staðsettur á vörulager kæranda auk þess sem hluti sendingarinnar var komin í sölu í verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Í dag er enn þó nokkur hluti sendingarinnar staddur á lager kæranda. Þá er prentað á umrædda vöru upprunaland hennar eftir stöðlum Evrópu-sambandsins um merkingu fatnaðar. Verður að teljast ansi langsótt að kærandi hefði haft tök á því að breyta þeim merkingum, sér í lagi á þeim stutta tíma sem leið frá tollafgreiðslu og þar til beiðni um leiðréttingu var lögð fram. Var Tollstjóra því í lófa lagið að framkvæma skoðun á vöru kæranda eftir að beiðni um leiðréttingu var lögð fram og verður Tollstjóri að bera hallann af því að hafa látið undir höfuð leggjast að framkvæma slíka vöruskoðun. Hefði sú skoðun verið að öllu leyti fullnægjandi og staðfest það að um EUR 1 upprunavörur er að ræða.

Í fyrrgreindu dreifibréfi segir ennfremur:

*„Enda þótt óumdeilt sé að innflytjendur beri ábyrgð samkvæmt 15. gr. tollalaga á aðflutningsskýrslu og að upplýsingar þar séu réttar og kunni þess vegna að þurfa að bera hallann af rangri skýrslugjöf, er það samt markmið tollheimtunnar að innfluttar vörur fái efnislega rétta tollmeðferð hverju sinni. Er þetta meginástæða fyrir þessum tilmælum embættisins.“*

Við úrlausn þessa máls verður að hafa í huga þetta meginmarkmið tollheimtunnar, þ.e. að vörur fái efnislega rétta tollmeðferð. Í máli þessu liggur fyrir að efnislega rétt tollmeðferð er sú að kærandi fái leiðréttingu á fyrri tollafgreiðslu þar sem ljóst er af gögnum málsins að um EUR 1 upprunavöru er að ræða, enda var EUR 1 upprunaskírteinið stimplað af þar tilbærum aðilum átta dögum áður en varan var tollafgreidd hér á landi. Þessu til frekari stuðnings er vert að benda á að eftir að kærandi kærði úrskurð Tollstjóra í þessu máli var önnur sending á vörum kæranda tollafgreidd með fríðindameðferð þar sem um upprunavöru var að ræða. Í báðum tilvikum var um að ræða Sundbird barnafatnað framleiddan af sama framleiðanda í Portúgal, sbr. meðfylgjandi tollskýrslu.

Þrátt fyrir að kærandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að leiðrétting á tollafgreiðslu eigi rétt á sér er ekki hægt að fallast á þá túlkun sem Tollstjóri setur fram í þessu máli þar sem ákvæði 1. mgr. 116. gr. tollalaga nr. 88/2005 yrði með því þýðingarlaust. Þá verður einnig að hafa í huga að í þessu máli er



um að ræða verulega íþyngjandi ákvörðum stjórnvalds gagnvart borgara (félagi) og telur kærandi því að allan vafa í málinu verði að skýra kæranda í hag.

Kærandi ítrekar þá skoðun sína að úrskurður ríkistollanefndar nr. 9/2002 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Þótt málavextir séu ekki nákvæmlega þeir sömu í þessum tveimur málum eru þeir í öllum meginatriðum sambærilegar. Í báðum tilvikunum var um það að ræða að TVG Zimsen annaðist tollskýrslugerð fyrir innflytjendur, sendingarnar voru tollafgreiddar með rafrænum hætti (SMT tollafgreiðslu), um var að ræða vörur upprunnar innan Evrópusambandsins en mistök leiddu til þess að innflytjendur fengu ekki efnislega rétta tollmeðferð. Í hvorugum málunum lá frumrit EUR1 skýrteinis fyrir við tollafgreiðslu og þá verður ekki séð að vöruskoðun hafi verið framkvæmd í máli nr. 9/2002, frekar en í þessu máli. Þrátt fyrir það komst Ríkistollanefnd að þeirri niðurstöðu að kærandi ætti rétt á fríðindameðferð og telur kærandi ljóst að það sama eigi við í því máli sem hér um ræðir.“

Með vísan til þess sem hér að ofan er rakið ítrekaði kærandi að lokum þær kröfur og röksemdir sem koma fram í kæru hans til ríkistollanefndar.

## V

Svo sem að framan er rakið snýst mál þetta um innflutning á barnafatnaði frá Portúgal. Sending barst til landsins 16. maí 2011 og sá flutningsmiðlun TVG Zimsen sá um tollafgreiðslu vörunnar hérlendis. Við tollafgreiðsluna lá ekki fyrir upprunavottorð fyrir vöruna og var hún afgreidd án fyrirvara um að það yrði lagt fram síðar. Engu að síður liggur fyrir í málinu að fullgilt upprunavottorð EUR.1 NR. E 5095249, dagsett 10.05.2011, hafði verið gefið út vegna sendingarinnar en orðið viðskila við hana án þess að innflytjanda yrði um kennt.

Tollstjóri hafnaði beiðni um endurskoðun og leiðréttingu aðflutningsgjalda af vörunni þar sem tekið væri tillit til upprunavottorðsins með þeim rökum að ekki hefði verið óskað eftir slíkri tollmeðferð í upphafi. Þar sem búið hafi verið að tollafgreiða og afhenda innflytjanda vöruna var að mati embættisins ekki mögulegt að yfirfara og staðreyna uppruna vörunnar.

Í 116. gr. tollalaga nr. 88/2005 er fjallað um leiðréttingu á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu. Samkvæmt 1. mgr. hennar getur innflytjandi, sem verður þess var innan sex ára frá tollafgreiðsludegi vöru að upplýsingar, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslunni, hafi verið rangar eða ófullnægjandi, lagt fram beiðni hjá tollstjóra um leiðréttingu í nánar tilgreindu formi, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að innflytjandi beri sönnunarbyrði fyrir því að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda. Loks er í 4. mgr. greinarinnar mælt fyrir um að Tollstjóri kveði upp úrskurð vegna beiðni vegna leiðréttingar.

Í 33. gr. bókunar 4 við EES samninginn er fjallað um sannprófun sönnunar á uppruna. Þar segir m.a. svo:

„1. Sannprófun sönnunar á uppruna, sem er gerð eftir á, skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.

2. Við framkvæmd 1. mgr. skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu endursenda EUR. 1 flutningsskírteinið eða EUR-MED-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað, yfirlýsingu á vörureikningi eða EUR-MED-yfirlýsingu á vörureikningi eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda í útflutningslandinu og tilgreina ástæður fyrir beiðni um sannprófun eftir því sem við á. Skjöl og upplýsingar, sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar á sönnun á uppruna séu rangar, skulu send til stuðnings beiðni um sannprófun.

3. Tollyfirvöld í útflutningslandinu skulu annast sannprófunina. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og að athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa annað eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.

4. Ef tollyfirvöld í innflutningslandinu ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvörum á meðan beðið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan byggir Tollstjóri synjun sína fyrst og fremst á því að ekkert hafi bent til þess við tollafgreiðslu að um svokallaða upprunavöru væri að ræða og engin upprunasönnun hafi fylgt aðflutningsskýrslunni. Vottorði þar um hafi ekki verið framvísað fyrir en 9 dögum síðar og því hafi ekki verið unnt að staðreyna með vöruskoðun hvort leiðrétting ætti rétt á sér enda hafði kærandi þegar fengið vöruna afhenta.

Svo sem ráða má af bæði ofangreindri 116. gr. tollalaga og áðurgreindri bókun við 33. gr. EES- samningsins er beinlínis gert ráð fyrir því að Tollstjóri geti leiðrétt tollafgreiðslu eftir á. Í ákvæðum þessum er ekki að finna nein bein fyrirsmæli um að vöruskoðun sé skilyrði þess að leiðrétting geti farið fram enda eðli málsins samkvæmt ekki raunhæft líkt og bent er á í athugasemdum við 116. gr. frumvarps til tollalaga nr. 88/2005. Mat í þessu efni hlýtur að fara eftir aðstæðum hverju sinni þó gera verði strangar kröfur í þessu efni. Í dreifibréfi ríkistollstjóra til tollstjóra frá 28. maí 1990 um þetta efni segir enda að „óski innflytjandi leiðréttingar um leið og hann uppgötvar mistökin, ætti að heimila hana ef atvik benda til þess að hún sé réttmæt.“ Þá er þykir rétt að vekja athygli á niðurlagi dreifibréfsins en þar er lögð áhersla á að markmið tollheimtunnar sé jafnan að innfluttar vörur fái efnislega rétta tollmeðferð hverju sinni. Eins og á stóð í þessu máli var að mati ríkistollanefndar eðlilegt að

Tollstjóri tæki tillit til fleiri atriða en þess eins að hefðbundinni vöruskoðun yrði ekki við komið.

Í fyrsta lagi lá upprunavottorð um vöruna fyrir við afgreiðslu beiðninnar sem var borin upp um leið og það kom í leitirnar. Gildi vottorðsins hefur ekki verið dregið í efa á neinn hátt. Á sama hátt liggur fyrir að Tollstjóri sýnist ekki hafa beitt þeim úrræðum, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. tölulið tilvitnaðrar bókunar við EES-samninginn, komi upp vafi um uppruna vöru.

Í öðru lagi liggur fyrir að tollskoðun fór fram á hluta sendingarinnar áður en hún var tollafgreidd. Því verður að ætla að einhver vitneskja eða upplýsingar um eðli hennar sé að finna í fórum tollstjóraembættisins. Gögn málsins bera ekki með sér að gerð hafi verið sérstök athugasemd við sendinguna og innhald þessa hluta hennar þrátt fyrir umrædda skoðun. Hafa ber og í huga að embættið lét líka hjá líða að verða við boði kæranda um að kynna sér vörunar á vörlager hans. Þó viðurkenna megj annmarka sem vera kunna því samfara að kalla fram fullkomna sönnun með slíkri athugun mátti eins og á stóð bera vöruna saman við þá vitneskju, sem embættið hafði aflað sér með því að kynna sér innihald sendingarinnar við almennt tolleftirlit áður en varan var tollafgreidd.

Í þriðja lagi er þess að geta að ekki hefur verið bent á neitt í málinu, sem þykir gefa sérstakt tilefni til þess að draga í efa fram komnar skýringar kæranda og flutningsmiðlunar þeirrar, sem sá um tollafgreiðsluna f.h. kæranda. Hafa ber í huga í þessu sambandi að flutningsmiðlun sú, sem hér um ræðir, er umsvifamikið og sérhæft fyrirtæki á því sviði, sem starfað hefur á þessum vettvangi um árabíl.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið og með hliðsjón af úrskurði ríkistollanefndar nr. 9/2002 þykir þegar litið er heildstætt á málið, eðlilegt að fallast á kröfu kæranda í málinu um leiðréttingu aðflutningsgjalda vegna innflutnings hans á sendingu E SEL 16 05 1 NL RTM V853 með hliðsjón af fram komnu EUR skírteini nr. E 5095249, dagsettu þann 10. maí 2011.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð. Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 12/2011 felldur úr gildi. Fallast ber á kröfu kæranda um að aðflutningsgjöld vegna innflutnings sendingar nr. E SEL 16 05 1 NL RTM V853 skuli leiðrétt í samræmi við EUR skírteini nr. E 5095249